

Skútustaðahreppur  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn

Reykjavík 26. apríl 2018  
UST201803-006/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Deiliskipulag - Jarðböðin í Jarðbaðshólum**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar er barst 1. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi 10 ha lóðar Jarðbaða við Jarðbaðshóla.

#### **Skipulagssvæðið**

Jarðböð við Jarðbaðshóla eru í Skútustaðahreppi. Jarðböðin eru manngerð náttúruböð sem nýta skiljuvatn frá Bjarnarflagsvirkjun. Í tillögu kemur fram að fyrirhuguð uppbygging gerir ráð fyrir nýju þjónustu- og baðhúsi, nýju þrepaskiptu baðlóni, gistirými og tengibyggingu að hámarki 11.700 m<sup>2</sup>. Einnig kemur fram að baðlónið verði 4000 – 5000 m<sup>2</sup>. Í greinargerð er fylgir tillögu að deiliskipulagi kemur fram að áætlaðar framkvæmdir sýna mikinn metnað hvað varðar uppbyggingu og umhverfi.

#### **Jarðmyndanir og jarðhitagróður**

Eins og fram kemur í greinargerð eru fágætar jarðmyndanir er njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, fágætur jarðhitagróður og sprungur á svæðinu. Umhverfisstofnun tekur undir það að slíkar náttúruminjar hafa verið kortlagðar, standa utan byggingarreita og að áætlaðar breytingar muni ekki hafa áhrif á þær, og telur jákvætt hvernig leitast er við að lágmarka neikvæð áhrif á þessa þætti.

#### **Málsmeðferð**

Í umhverfisskýrslu eru taldir upp níu aðilar sem gáfu umsagnir á lýsingarstigi. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin sendi umsögn um lýsingu tillögu að breyttu aðalskipulagi og deiliskipulagi Jarðbaða dagsetta 26. maí 2017.

#### **Veitur**

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um hreinsistöð eða safntank fyrir seyru sem yrði flutt á landgræðslusvæði. Stofnunin bendir þó á að áætlanir um landgræðslu með seyru eru á vinnslustigi. Mikilvægt er að tillögur og upplýsingar um áætlun á endanlegri staðsetningu, útfærslu, frágang og stærð hreinsistöðvar eða safntanki, sem ákveða á í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Umhverfisstofnun o.fl. liggi fyrir á áætlunastigi.

Í umfjöllun um affallsvatn frá baðlóni kemur fram að því er veitt ofan í borholu vestan við affallslónið og hefur sú lausn verið notuð síðan á fyrri hluta árs 2015. Einnig kemur fram að haustið 2017 muni ÍSOR hefja ferilvöktun á borholunni til að rannsaka hvað verður um vatnið sem niður í hana er dælt. Ekki koma fram upplýsingar í greinargerð um hvernig gengur með þær rannsóknir.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 12. gr. í V. kafla reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr.796/1999 mun heilbrigðisnefnd setja í starfsleyfi losunarmörk um leyfilegan hámarksstyrk mengandi efna í fráveituvatni (hér affallsvatni). Einnig bendir stofnunin á reglugerð um baðstaði í náttúrunni nr. 460/2015, en þar er jarðhitavatn flokkað sem baðvatn í skilgreiningum í 3.grein.

### **Aðkoma og bílastæði**

Umhverfisstofnun tekur undir aukningu rafhleðslustæða.

Að mati stofnunarinnar gætu bílastæði með rútum og bílum verið sá þáttur sem verður mest áberandi í umhverfinu, og telur stofnunin mikilvægt að leitast verði við að lágmarka neikvæð sjónræn áhrif þeirra. Stofnunin tekur undir það að ósnortið hraun verði látið vera umhverfis bílastæðin, þar sem nútímahraun njóta sérstakrar verndar og einnig munu þau lágmarka sjónræn áhrif bílastæða að einhverju leyti.

### **Mannvirki og frágangur svæðis**

Umhverfisstofnun tekur undir markmið um manngert umhverfi og frágang svæðis, og telur áætlanir sýna metnað.

### **Lykt og loftgæði**

Í umfjöllun um lykt og loftgæði kemur fram að skipulagssvæðið er á jarðhitasvæði og í nálægð við Bjarnaflagsvirkjun, og því megi áætla að styrkur brennisteinsoxíðs sé hærri en á öðrum svæðum. Einnig kemur fram að mikilvægt sé að fylgst verði með loftgæðum á svæðinu og þá sérstaklega vegna langvarandi viðveru starfsmanna og einnig kemur fram að styrkur brennisteinsdíoxíðs skuli vera undir mengunarmörkum skv. reglugerð nr. 390/2009 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga mengun á vinnustöðum.

Umhverfisstofnun bendir á að í umfjöllum í deiliskipulagstillögunni um lykt, loftgæði og mögulegar mælingar á loftgæðum er talað um styrk brennisteinsdíoxíðs. Þar hlýtur að hafa átt að standa brennisteinsvetni.


Umhverfisstofnun bendir á að reglugerð nr. 390/2009, um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum, sem vísað er til í tillögunni, fjallar eingöngu um mengun á vinnustöðum þar sem efni sem fjallað er um í reglugerðinni myndast eða eru notuð. Þannig að sú reglugerð gildir einungis fyrir starfsmenn þess fyrirtækis sem losar viðkomandi mengun. Fyrir starfsmenn annara fyrirtækja sem ekki losa viðkomandi efni gilda sömu mörk og fyrir almenning. Fyrir starfsmenn baðlónsins er því rétt að miða við reglugerð nr. 514/2010, um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti.


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að eyða óvissu um mögulegan styrk brennisteinsvetnis á svæðinu og að það gæti verið gagnlegt fyrir rekstraraðila að hefja

mælingar á brennisteinsvetni áður virkjun rís í nágrenninu og jafnvel áður en stækkun við jarðböðin hefst.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að vöktun á grunnvatni sé skipulögð og fylgt eftir, og að fylgst verði með loftgæðum á svæðinu. Einnig er mikilvægt að áætlun um fráveitu, hvort sem það verður hreinsivirki eða safntankur, liggi fyrir á áætlunastigi.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur